

OZZO slf.
Bt. Óla Hauks Mýrdal
Tjarnabakka 8
260 Reykjanesbær

Reykjavík 5. júní 2018
UST201805-388/I.M.B.
09.06.01

Efni: Umsókn um kvikmyndaleyfi - Skógafoss - Fjaðrárgljúfur

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn OZZO slf., dagsett 31. maí 2018, um leyfi til kvikmyndatöku með dróna við Skógafoss og Fjaðrárgljúfur dagana 6.-7. júní 2018.

Skógafoss er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. auglýsing í Stjórnartíðindum B, nr. 4771987. Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf eða raska jarðmyndunum.

Fjaðrárgljúfur er skráð á náttúruminjaskrá og er ekki friðlýst. Leyfi landeigenda Fjaðrárgljúfurs þarf fyrir verkefninu.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að kvikmynda með dróna við Skógafoss í um 70 m hæð yfir fossinum með statískt skot 360° þann 6. júní 2018. Gert er ráð fyrir að fljúga drónanum í átt að fossinum og upp með honum þar sem staldrað er við í um 30 sekúndur fyrir ofan fossinn og fara sömu leið til baka. Gert er ráð fyrir að endurtaka tókurnar 3-4 sinnum til að ná tilætluðum árangri. Óskað er eftir að fá 2,5 klukkustundir í tökur.

Ekki er þörf á uppsetningu nokkurs búnaðar, ekki er þörf á að fara út fyrir göngustíga né nota nokkur efni við myndatökuna. Þrír starfsmenn koma að verkefninu.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur miðað við ofangreinda verkefnalýsingu, að framkvæmdin muni að öllum líkindum ekki valda röskun á jarðmyndunum og gróðri. Umhverfisstofnun telur hins vegar að flug dróna gæti valdið tímabundinni truflun á fuglalífi í bjarginu við fossinn. Vartími fugla er hafinn og því líklegt að flug dróna nálægt bjarginu muni hafa truflandi áhrif á varpið. Framkvæmdin mun einnig valda tímabundinni truflun á upplifun gesta þar sem mikill fjöldi ferðamanna er á svæðinu dag hvern.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndun með dróna við Skógafoss þann 6. júní 2018 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Vinsamlegast hafðu þetta bréf meðferðis á meðan tókum stendur.
- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.

- Verði breytingar á tímasetningu verkefnis skal það tilkynnt til Umhverfisstofnunar með að minnsta kosti 5 daga fyrirvara, sé þess kostur. Að öðru leyti eins fljótt og auðið er.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Einungis skal gengið á merktum göngustígum.
- Þess skal gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir að tókum loknum. Umferð starfsfólks verkefnisins takmarkast við vegi og göngustíga.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allt rusl verði fjarlægt.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar á internetinu skal það tekið fram í myndbandinu að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir notkun dróna á innan hins friðlýsta svæðis.
- Kynna skal fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Flug dróna skal hagað þannig að flogið sé eins fjarri bjarginu eins og kostur er og ekki fljúga inn í gilið á varpsvæði fýlsins. Jafnframt skal fljúga honum í eins stuttan tíma og hægt er. Ef sýnilegt er að dróninn valdi truflun á fuglalífi skal honum lent samstundis.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari nálægt fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Takmarka skal þann tíma sem kvikmyndað er eins og kostur er með tilliti til upplifunar annara gesta á svæðinu. Bent er á að fæstir ferðamenn eru snemma morguns eða að kvöldi til á ferðinni og þeir tímar því æskilegri til kvikmyndatöku.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum eða fuglum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu heldur finna og endurheimta loftfarið og alla hluta þess skyldi það brotlenda eða bila.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Vakin er athygli á reglum Samgöngustofu um starfrækslu ómannaðra loftfara. Í sértækum reglum um flugvélalíkön (sem ná einnig til ómannaðra loftfara og finna má í Flugmálhandbók (AIP) Íslands, ENR 1.1.10) kemur m.a. fram að einstaklingur eða fyrirtæki sem óskar eftir að starfrækja ómannað loftfar skal sækja um leyfi til slíkrar starfrækslu til Samgöngustofu ef loftfarið er yfir 5 kg að heildarþyngd eða knúið áfram af eldfaugum og sé ætlunin að fljúga loftfarinu hærra en 120 m. Enn fremur þarf leyfi rekstraraðila flugvallar til að fljúga fjarstýrðu loftfari innan við 2 km frá svæðamörkum áætlunarflugvalla, að því undanskildu ef fjarstýrðu loftfari/dróna er flogið undir hæð hæstu mannvirkja í næsta nágrenni við flugferil drónans. Um skaðabótaábyrgð vegna notkunar ómannaðra loftfara fer eftir ákvæðum laga nr. 60/1998, um loftferðir.

Leyfi landeigenda Fjaðrárgljúfurs þarf fyrir verkefninu.


Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi á friðlýstum svæðum á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir vinnslu umsóknar vegna kvikmyndatöku á friðlýstum svæðum er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst



Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri



Hákon Ásgeirsson
Sérfræðingur

